

Sp.

122. Beiðni um skýrslu

[111. mál]

frá iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni,
Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan,
Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni
og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um þróun raforkuverðs til álversins í Straumsvík í framhaldi af samningum við Alusuisse í nóvember 1984 þar sem m.a. komi fram:

- a. hvaða verð Ísal greiðir fyrir raforku frá Landsvirkjun ársfjórðungslega á árinu 1985,
- b. hverju spáð var um raforkuverð frá Ísal á árinu 1985 samkv. þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984,
- c. hver lækkunin sé á raungildi raforkuverðsins á árinu 1985 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu,
- d. hverjar horfurnar séu um raforkuverð frá álverinu á árinu 1986 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 6. nóv. 1985.

Hjörleifur Guttormsson.
Ragnar Arnalds.
Helgi Seljan.

Guðrún Helgadóttir.
Geir Gunnarsson.
Svavar Gestsson.
Garðar Sigurðsson.

Guðmundur J. Guðmundsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Skúli Alexandersson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.